

Umhverfis og samgöngunefnd

Fundur 18. apríl 2023

Kl. 20:10 í Þingborg

Mætt:

Jakob Nielsen Kristjánsson

Helena Hólm

Helgi Sigurðsson

Svanhvít Hermannsdóttir

Halla Kjartansdóttir

Fundarritari: Svanhvít Hermannsdóttir

1. Loftslagsstefna sveitarfélaga. Helena Hólm tekur að sér að vera fulltrúi sveitarfélagsins á fundum SASS.

2. Meðhöndlun dýrahreja. Umræða um að hræsöfnunarbíll gangi á milli bæja. Huga að samstarfi við önnur sveitarfélög til þess að ná kostnaði niður.

Kostnaðargreina þarf hvað kostar förgun á

grip/stórgrip/kindur/minkum/kjúklingum/svínunum, áður en lengra er haldið.

Rukkað væri í samræmi við það sem að aðiljar væru að losa sig við og þar gildir hugmyndafræðin: "Borga sem henda".

3. Hreinsunarátak. Tillaga okkar er sú að samið verið við Íslenska Gámafélagið að opið verði fyrir íbúa Flóahrepps að koma með úrgang til förgunar, íbúum að kostnaðarlausu. Vikan 22.-27. maí nk kemur til álita. Ef kostnaður hlýst af þessu átaki verði skilgjaldið nýtt til að dekka umræddan kostnað. Átakið verði vel auglýst og samfélagið komið í sparibúning fyrir Fjör í Flóa.

4. Erindisbréf - samþykkt.

5. Önnur mál. Stóri plokkgdagurinn 30. apríl nk. Vekja athygli á deginum og hvetja íbúa til þess að taka til í sínu nærumhverfi. Auglýsa á Bændur í Flóahreppi og heimasíðu hreppsins.

"Mótum sjálfbæra framtíð" - fundur á Hótel Selfossi 25. apríl nk.

6. Umhverfisverðlaun - auglýst verður eftir tilnefningum. Ef engin tilnefning berst, mun nefndin leggja til að verðlaunin verði ekki veitt þetta árið.

Helena Hólm

Helgi Sigurðsson

Halla Kjartansdóttir

Svanhvít Hermannsdóttir

Jakob Nielsen Kristjánsson